

# SAFNAÐARBLAÐ

## BÚSTAÐASÓKNAR

I. tölublað.

Jesús sagði: Sjá, ég er með yður alla daga,  
allt til enda veraldar.

Páskar 1957.

### ÁVARP

Kirkjan er elzta, merkasta og fjölmennasta félagið í landinu, senn þúsund ára gamalt með viðtækari áhrif en upp verða talin. Félag allra þeirra, sem trú á hinn upprisna og telja sér og öðrum nauðsynlegt til þekkingar og þroska að ungir og gamlir viti kenningu hans og siðaboð, og lifi sem bezt í samræmi við það.

Frá upphafi hefur kirkjunni verið skipt í söfnuði. Tilgangur þess er sá, að ákveðinn hópur manna á afmörkuðu svæði eigi sem hægst með að njóta kristilegrar þjónustu og geti einnig tekið höndum saman um aðkallandi verkefni. Hraðvaxandi íbúaföldi borganna, bæði hérlendis og erlendis, hefur valdið því á síðustu áratugum að nýir söfnuðir hafa myndast í þéttbýlinu. — BÚSTAÐASÓKN er einn af þessum nýgræðingum. Hér hefur byggðin þotið svo að segja upp á einni nóttu líkt og ævintýri. Margar orsakir hafa til þess legið að menn hafa sezt hér að, og þeir eru hingað komnir úr öllum áttum. Fólk er því enn næsta ókunnugt að vonum, og flestir hafa til þessa lagt mesta stund á að koma sér upp nýjum heimilum, oft að miklu leyti í tómstundum, en hið daglega starf þeirra er unnið inni í borginni. Hér er allur félagsskapur enn í bernsku, þótt t.d. kvenfélagið hafi í nokkur ár starfað af lofsverðum áhuga og raunar með miklum árangri.

Öllum mun ljóst að í nánustu framtíð mun verða stórfelld breyting á þessum málum, og

lífi allrar byggðarinnar. Þetta nýja borgarhverfi mun reisa á fleiri miðstöðvar almennrar þjónustu þar á meðal samkomuhús, æskulýðsheimili og kirkju. Þetta verður ekki umflúið, enda mun almenningur ekki aðeins telja það nauðsyn heldur og metnaðarmál.

Eins og menn vita býr safnaðarstarfið nú við næsta frumstæð starfsskilyrði, — messur og barnasamkomur fara fram í hjallara líkt og í frumdögum kristinnar. En skylt er að þakka þeim forráðamönnum bæjarins, sem að því hafa staðið að þetta er þó mögulegt. Hitt mun engum dyljast að með þessu er aðeins tjaldað til einnrar nætur og mjög aðkallandi að úr því sé bætt. Og nú hillir þegar undir nýjar framkvæmdir.

Bæjaryfirvöldin hafa af góðfýsi úthlutað oss fjögru og ákjósanlegu kirkjustæði að mínum dómi. Þegar hefur verið kosin tuttugu og fimm manna nefnd til aðstoðar safnaðarnefndinni til þess að undirbúa og vinna að byggingu nýrrar kirkju svo fljótt sem unnt er. Húsameistari ríkisins hefur tekið að sér að gera tillöguteikningu af henni. Vænta má og riflegs styrks úr bæjar-sjóði í þessum tilgangi. Enn mun fást lán úr Kirkjubyggingarsjóði með svo góðum kjörum, að öllu frekar má kalla það beinan stuðning.

Þegar þess er minnst að stundum hafa einstakir menn, en oftast sárafámennir og fátækir söfnuðir reist kirkjur af eigin efnum við sitt hæfi um þvert og endilangt Ísland, og ýmis smáþorp eins og Selfoss, Borgarnes og Hvamms-

# Barnastarfsemi

Ein er sú starfsemi innan Bústaðasóknar sem mig langar til að geta lítilsháttar í þessu fyrsta safnaðarblaði.

En það er barnastarfsemin, sem hófst jafnhliða kirkjulegu starfi í sókninni fyrir rúmum þremur árum.

Í upphafi voru samkomur haldnar í húsnæði, sem Fossvogskirkja lánaði góðfúslega, en sökum legu kirkjunnar og þrengsla var ekki hægt að vera þar til lengdar.

Nú á annað ár hafa samkomurnar verið haldnar í kallara Háagerðisskóla, sem bæjaryfirvöldin fyrir forgöngu fræðsustjóra Reykavíkurbæjar, hafa lánað til safnaðarstarfsins.

Frá upphafi hafa barnasamkomurnar verið haldnar annan hvern sunnudag kl. 10.30 f.h. frá hausti til sumarmála.

Aðsókn hefur verið mjög góð frá upphafi, svo mikil að margoft hefur orðið að vísa börnum frá, þrátt fyrir það að húsnæðið mun taka allt að 270 börn í sæti, og hefur ekki verið sparað að koma sem flestum inn.

---

*tangi eru nú að ljúka við að leysa þetta mál með miklum myndarbrag, þá er ljóst að svo stórum söfnuði sem þessum er slíkt ekki ofjarl, ef menn eru einhuga og samtaka. Markmiðið er heldur engin dómkirkja, heldur tiltölulega lítið (sætaföldi 250--300 manns) en fagurt guðshús.*

*Ætlunin er heldur ekki sú að krefja söfnuðinn mikilla fórna, heldur biðja hann að sameinast um þetta verk, sem um langa framtíð á að bera nútíðinni vitni. Æskilegt er að sem allra flestir leggji eitthvað af mörkum og að það verði öllum kært og sókninni til sæmdar, þryði og blessunar.*

*Ég trúi því líka að þessu máli muni fylgja heill og það ráðast jafnvel betur en björtustu vonir standa til. Ég heiti á hvern og einn að fyrirverða sig ekki fyrir lítinn skerf. Hin stærsta varða hefst aðeins með einum steini.*

*Ég nota þetta tækifæri til að óska yður öllum gleðilegra páska, og biðja hverjum manni vel-farnaðar.*

GUNNAR ÁRNASON.

Sóknarpresturinn séra Gunnar Árnason hefur ávallt stjórnað samkomunum, en organleikarinn Jón G. Þórarinnsson, hefur nú nokkuð lengi stjórnað söng barnanna, (prestsfrúin Sigríður Stefánsdóttir stjórnaði söngnum þann tíma, sem við vorum í Fossvogi), auk þess hafa fimm 12 ára drengir úr sókninni aðstoðað við eftirlit og nú í vetur hafa tvær ungar stúlkur, flutt til stóla eftir athafnir.

Á samkomunum eru börnunum sagðar sögur, þeim kenndar bænir, og ritningargreinar, auk þess sem þeim eru gefnar biblíumyndir, mikið er og sungið sem öllum börnum fellur vel. — Fræðslu- og skemmtikvikmyndir eru oft sýndar með kvikmyndavél, sem söfnuðurinn hefur eignast.

Barnasöngkór var starfandi til skamms tíma, og auk þess að leiða allan söng við barnasamkomurnar, þá söng hann við tvær fermingarathafnir í sókninni við mikla hrifningu áheyrenda. Kór þessi hélt á s.l. vori tvær barnaskemmtanir, og höfðu félagar hans allan veg og vanda að undirbúningi og framkvæmdum.

Mér er sérstaklega ljúft að votta öllum þeim mikla hóp barna, sem hjá okkur hafa verið við þessar samkomur, mitt bezta þakklæti fyrir þrúða framkomu og hlýðni.

Ég tel að starfsemi sem þessi þurfi að vera innan hvers safnaðar, og jafnframt beri að auka hana sem allra mest. En til þess að svo geti orðið þarf allt safnaðarfólkið í Bústaðasókn, að leggja hönd á plóginn, og hefja ötula og markvissa baráttu fyrir því að Bústaðakirkja verði sem allra fyrst reist, en þá fyrst er hægt að auka allt safnaðarstarf.

*Axel L. Sveins.*

## RITSTJÓRN:

Gunnar Árnason, sóknarprestur.  
Stefán Bjarnason, verkfræðingur.

## ÚTGEFANDI:

Safnaðarnefnd Bústaðasóknar.

## ÁBYRGÐARMAÐUR:

Axel L. Sveins.

BORGARPRENT

## Kirkjunefnd Bústaðasóknar.

Á almennum safnaðarfundum í Háagerðisskóla s.l. vetur var, samkvæmt ósk safnaðarnefndar, kjörin 25 manna „Kirkjunefnd“ úr hópi safnaðarins til þess að vinna með safnaðarnefndinni að undirbúningi kirkjubyggingar fyrir Bústaðasókn. Þessi kirkjunefnd kaus sér síðan sjö manna framkvæmdaráð, er hafa skyldi með höndum forustu um fjársöfnun og annan undirbúning vegna kirkjubyggingar. Kirkjunefndin ákvað síðan að hefja starf sitt með því að efna til almenns kirkjukvölds í messusal Háagerðisskóla á skírdag næstkomandi, eins og skýrt er frá á öðrum stað hér í blaðinu. Það er von nefndarinnar, að sem flest sóknarbörn mæti til kirkjukvöldsins og styðji með því þá viðleitni, sem hér er hafin, til þess að hús Guðs megi rísa sem fyrst í nýju byggðinni okkar.

### GLEÐILEGA PÁSKA.

Jón G. Þórarinnsson.

Jón Sigurpálsson.

Gissur Kristjánsson.

Jóhann Hjörleifsson.

Puríður Emilsdóttir.

Stefán Bjarnason.

Ólafur Flygering.

## Minningarsjóður Kvenfélags Bústaðasóknar.

Mér hefur verið boðið að rita nokkrar línur í þetta blað, sem ég þakka hér með fyrir.

Á síðastl. ári var stofnaður minningarsjóður innan Kvenfélags Bústaðasóknar, og er tilgangur hans að vinna að sömu markmiðum og félagið, en þ. e. kirkjumál, menningar- og líknarmál, auk hinna ýmsu félagsmála.

Minningarspjöld hafa verið prentuð og hafa eftirtaldir þau til sölu: Bústaðabúðin, Hólmgarði 34, Verzlunin Turninn, Réttarholtsvegi 1, frú Guðrún Jónsdóttur Sogahlíð við Sogaveg, Verzlunin Helgafell, Breiðholtsvegi, og Hljóðfæraverzlun Sigríðar Helgadóttur, Lækjargötu.

Félagskonur, sem nú eru orðnar um 150 talsins, hvet ég eindregið til að minnast sjóðsins, þá er þær þurfa að senda minningarspjöld, ennfremur eru spjöldin til sölu fyrir alla aðra, sem óska að styrkja sjóðin.

Auður Matthíasdóttir.

## KIRKJUKVÖLD

Kirkjunefnd Bústaðasóknar gengst fyrir kirkjukvöldi í Háagerðisskóla á skírdag næstkomandi klukkan 5 síðd.

Þetta er í annað sinn sem slík samkoma er haldin í sókninni. Hin fyrri var haldin á uppstigningardag síðastliðið vor. Þá söng kirkjukórinn nokkur lög. Einsöngvari með kórnum var Guðmundur Guðjónsson, en Guðmundur Jónsson óperusöngvari söng einsöng. Þórir Kr. Þórðarson dócent flutti mjög athyglisvert erindi og sóknarpresturinn flutti ávarp. Aðgangur var ókeypis.

Að þessu sinni verður efnisskráin þannig:

Kvennaraddir úr kirkjukórnum munu syngja nokkra kafla úr „Stabat mater“ eftir G. Pergolesi. Síðan mun kirkjukórinn syngja nokkur lög, þar á meðal gamalt sálmalag úr Hólabók frá 1619, er Jón Þórarinnsson tónskáld hefur raddsett. Ennfremur „Ave Maria“ eftir Jakob Arcadelt, sem var uppi á 15. öld. Væntanlega syngur Guðmundur Guðjónsson nokkur lög. Guðmundur hefur vakið mikla athygli fyrir góða söngrödd og musíkalskan flutning. Hann er vaxandi söngvari og er ánægjulegt að fá hann aftur til samstarfs.

Húsameistari ríkisins, Hörður Bjarnason, mun flytja erindi um kirkjur og kirkjubyggingar. Er ástæða til að fagna því að sérfróður maður flytur erindi um slíkt efni, sem hlýtur að vera söfnuðinum hugleikið á þeim tímamótum, sem framundan eru. Því ekki verður hjá því komið, að hugsa fyrir kirkjubyggingu og skapa með því skilyrði fyrir vaxandi safnaðarstarfi.

Aðgangur mun verða ókeypis nú sem fyrr. Vil ég eindregið hvetja fólk til að fjölmenna á kirkjukvöldið.

Jón G. Þórarinnsson, organleikari.

## MESSUR:

Messað verður í Háagerðisskóla á skírdag kl. 2 e. h.

Messað verður á sama stað á páskadaginn kl. 2 e. h.

Barnasamkoma verður í skólanum á skírdag kl. 10.30 f. h.

Ferminng barna í Bústaðasókn fer að forfallalaus fram í Frikirkjunni sunnudaginn 28 þ. m. kl. 10.30 f. h.

## Kirkjulóð fengin

Formanni sóknarnefndar barst nýlega eftirfarandi bréf frá Borgarstjóranum í Reykjavík dags. 27. marz 1957.

Bréf yðar, dags. 8. f. m., varðandi lóð undir Bústaðakirkju, var sent samvinnunefnd skipulagsmála til umsagnar. Umsögn nefndarinnar dags. 19 þ. m. var lögð fram á fundi bæjarráðs í gær og var samþykkt tillaga hennar um að ætla kirkjunni stað austan Réttarholtsvegar, norðan hitaveitustokks.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Gunnar Thoroddsen (sign).

## Þáskar

Þáskarnir eru langelzta hátíð kristinna manna. Fróðir menn telja að þeir hafi verið haldnir í stórborginni Efesus í Litlu-Asíu meðan Jóhannes postuli var enn á lífi. En í Efesus var einn af fyrstu söfnuðum Páls postula. Enginn hefur betur en hann lýst óhrekjanlegri staðreynd upprisunnar og gildi hennar. — „Það kenndi ég yður fyrst og fremst. . . að hann (þ.e. Kristur) birtist Kefasi, síðan þeim tólf; síðan birtist hann meira en fimm hundruð bræðrum í einu, sem flestir eru á lífi allt til þessa, en nokkurir eru sofnaðir. Síðan birtist hann Jakobi, því næst postulunum öllum. En síðast allra birtist hann einnig mér. . .“

„Ef Kristur er ekki upprisinn, þá er ónýtt prédikun vor, ónýtt líka trú yðar. . . En nú er Kristur upprisinn.“ Páll vissi það, hafði séð hann. Enda bar líf hans og starf þess svo ljóst viðni, að það er munað og þess gætir enn í dag.

Austur í löndum heilsast menn þannig á páskadagsmorgni, að þegar einn segir: „Kristur er upprisinn!“ svarar hinn: „Já, hann er sannar-

lega upprisinn!“ Og hér skal getið gamals og fagurs páskasiðar.

Í Grafarkirkjunni í Jerúsalem er hverja páska-nótt haldin hátíð „hins heilaga elds“. Þúsundir manna þyrpast til kirkjunnar. Allt er fyrst myrkvað. Skyndilega sést fagurt ljós ljóma niðri í litlu kapellunni, sem reist er undir aðalkirkjunni yfir sjálfri gröf Krists. Fólkið hefur allt kerti í höndum og þeir sem næstir standa tendra nú kerti sín við logann helga, sem lýst hefur verið. Síðan kveikir einn af öðrum á kerti sínu við ljós þess er nærri stendur, og á svipstund þaðast ekki aðeins kapellan, heldur kirkjan öll í undursamlegu ljóshafi. Mannþyrpingin, sem ekki kemst inn í kirkjuna, kveikir eins á öllum kertum sínum. Heldur síðan hver heim til sín og glæðir þar ljós í hverjum stjaka í þann mund, sem ótal kirkjuklukkan taka að gjalla með glöðum hreim og boða fagnandi um víða veröld: — Kristur er upprisinn!

Þessi siður er fagurt tákn upprisunnar. Hún varpar enn ljósi á myrkan heim og vekur gleði í hjörtum mannanna. G. A.

BLAÐ ÞETTA er gefið út í tilefni þess, að söfnuðinum hefur verið úthlutað kirkjulóð og hafist er handa um undirbúning að kirkjusmíði. — Áframhald mun verða á þessari útgáfu eftir því sem tilefni gefst. SAFNAÐARNEFNDIN.